

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018 (fjölgun mismununarþátta).

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju milli 2. og 3. umræðu. Nefndin fjallaði sérstaklega um það álitaefni hvort frumvarpið feli í sér að innleitt sé á ný ákvæði um bann við guðlasti í lög. Meiri hluti nefndarinnar undirstrikar að það er ekki vilji löggjafans með þessu frumvarpi að kveða á um bann við guðlasti, en ákvæði þess efnis var felld brott úr almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með lögum nr. 43/2015.

Meiri hlutinn vísar til þess að skv. 1. gr. laga nr. 85/2018 gilda þau um jafna meðferð einstaklinga á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, óháð tilgreindum mismununarþáttum. Markmið laganna er að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 85/2018 segir varðandi gildissvið laganna: „Frumvarpi þessu er m.a. ætlað að gilda um félagslega vernd, þar á meðal almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu, félagsleg gæði, menntun, aðgang að eða afhendingu vöru sem og þjónustu. Frumvarpinu er jafnframt ætlað að gilda um húsnæði sem er í boði fyrir almenning.“ Meiri hluti nefndarinnar telur að með hliðsjón af gildissviði og markmiði laganna sé ljóst að ætlunin sé að allir einstaklingar hljóti jafna meðferð í samfélaginu og að einstaklingar verði ekki fyrir mismunun á grundvelli þeirra mismununarþátta sem tilgreindir eru. Meiri hlutinn leggur áherslu á að löggjöfin eigi að stuðla að því að einstaklingar geti sem dæmi notið heilbrigðisþjónustu, menntunar og aðgengis að vörum og þjónustu án þess að vera mismunandi á grundvelli ómálefnalegra sjónarmiða og ef einstaklingur telur sig verða fyrir mismunun nýtur hann aukinnar réttarverndar og getur leitað réttar síns á grundvelli kærueimildar til nefndar innan stjórnslunnar.

Meiri hlutinn áréttar sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu þar sem segir: „Mikilvægt er að hafa í huga að ójöfn meðferð fólks á grundvelli framangreindra mismununarþátta þarf í einstaka tilfellum ekki að vera mismunun. Við mat á mismunun er áherslan lögð á samanburð við annan einstakling við sambærilegar aðstæður. Einstaklingar eiga ávallt að hljóta sambærilega meðferð við sambærilegar aðstæður. Að sama skapi á ekki að mismuna einstaklingum sem eru ekki í sambærilegum aðstæðum nema unnt sé að réttlæta slíka meðferð á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði. Mismunandi meðferð á grundvelli þeirra mismununarþátta sem frumvarp þetta tekur til kann því að vera réttlætanleg við vissar aðstæður. Hvert tilvik þarf því að meta fyrir sig.“ Við mat á hverju tilviki þurfi jafnframt að huga að mörkum milli tjáningarfrelsis á grundvelli 73. gr. stjórnarskrárinnar og verndar einstaklings gegn mismunun. Það á ekki að geta talist mismunun í skilningi laganna að einstaklingar tilheyri tilteknum mismununarhópi, svo sem vegna kynhneigðar. Meiri hlutinn getur því ekki tekið undir sjónarmið þess efnis að það eitt og sér, að tilheyra hópi sem kunni að vera móðgandi fyrir annan hóp, geti talist áreitni í skilningi laganna. Það er grund-

vallaratriði að mannréttindi eins hóps geta ekki réttlætt að mannréttindi annars hóps séu skert.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um það að ákvæði frumvarpsins takmarki ekki sammingsfrelsi almennt. Aðilum sé frjálst að velja sér sammingsaðila svo lengi sem valið byggist ekki á ómálefnalegum sjónarmiðum, svo sem á grundvelli kynþáttar, trúar eða kynhneigðar. Þá bendir meiri hlutinn á að skv. 233. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skal hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Meiri hlutinn bendir jafnframt á að fyrrum 125. gr. almennra hegningarlaga sem gerði guðlast refsivert og hefur nú verið felld brott úr lögnum varðaði það að opinberlega draga dár að eða smána trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags. Markmið laga um jafna stöðu utan vinnumarkaðar er aftur á móti að vernda einstaklinga gegn mismunun, svo sem vegna eigin trúar eða lífsskoðunar, þannig að tryggt sé að einstaklingar geti haft hvaða trú eða lífsskoðun sem þeir kjósa án þess að verða fyrir mismunun í samfélaginu eða hljóta lakari þjónustu á þeim grundvelli.

Með því að fjölga þeim mismununarþáttum sem tilgreindir eru í frumvarpinu munu lög nr. 85/2018 samræmast betur lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, auk þess sem bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum mælir fyrir um að þessi breyting skuli gerð á lögnum.

Það er grundvallarréttur að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda skv. 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt er mikilvægt að lögfesta aukna réttarvernd fyrir fólk sem er líklegra til að verða fyrir mismunun á grundvelli þeirra mismununarþátta sem tilgreindir eru og stuðla þannig að auknu jafnrétti í samfélaginu. Meiri hlutinn áréttar þau sjónarmið sem komu fram við umfjöllun nefndarinnar fyrir 2. umræðu málsins, sbr. þingskjal 867, ekki síst hvað varðar að náíð samráð sé haft við hagsmunasamtök fatlaðs fólks við undirbúning löggjafar er varðar hagsmuni þess og mikilvægi þess að tryggja vernd einstaklinga gegn mismunun og að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref varðandi ákvæði sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks varðandi jafnrétti og bann við mismunun.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Bergþór Ólason var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Sigmar Guðmundsson, áheyrnarfulltrúi, er samþykktur álitum þessu.

Alþingi, 14. júní 2022.

Bryndís Haraldsdóttir,
form., frsm.

Birgir Þórarinsson.

Jóhann Friðrik Friðriksson.

Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir.

Hilda Jana Gísladóttir.

Kári Gautason.